



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 1. September 2015, kl. 10:30 í Fjölheimum, Selfossi

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Þórður Freyr Sigurðsson, Magnús Bragason Sigurlaug Gissurardóttir (í síma), Margrét Runólfsdóttir (í síma). Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sitja einnig fundinn og ritar Valgerður fundargerð. Gunnar Þorgeirsson boðaði forföll.

Fundur settur kl 10:35

Fundarefni:

Ferðamálastofa – samningsdrög og fl.

Rætt var um erindi Ferðamálastofu til Samtaka sveitarfélaganna er varðar „Breytt fyrirkomulag við samningsgerð hvað varðar svæðisbundið samstarf á sviði ferðamála.“ Óskaði framkvæmdastjóri eftir afstöðu stjórnar í þessu máli er varðar úthlutun á fé til m.a. Markaðsstofunnar skv. núverandi samningi. Ýmsar leiðir/hugmyndir voru ræddar. Ákveðið var að afla frekari upplýsinga, m.a. um afstöðu Landshlutasamtakanna áður en lengra yrði haldið.

Þá hefur ný ferðamálastefna hefur ekki verið gefin út og er ákveðið að bíða eftir henni áður en afstaða er tekin.

Framvinduskýrsla

Framkvæmdarstjóri fer yfir framvinduskýrslu MSS fyrir tímabilið maí – ágúst 2015, stiklað er á stóru yfir þau fjölmörgu verkefni sem MSS hefur komið að á tímabilinu og því sem framundan er.

WTM í London 2-5.nóvember

Ákveðið er að framkvæmdarstjóri fari á World Travel Market í London dagana 2-5 nóvember n.k.

Innheimtan

Innheimta aðildargjalda er að mestu gengin í gegn og hefur gengið nokkuð vel. Almenn ánægja er með aðila MSS með breytingar á aðildargjöldum og góður hljómur er í fólki.

Uppskeruhátíð

Árlega hefur MSS verið með uppskeruhátíð ferðapjónustuaðila á Suðurlandi. Hugsanlega verður hátíðin á öðrum tíma árs en verið hefur. Ákveðið er að senda út rafræna könnun til aðila og kanna m.a. hvaða tími árs henti þeim best ásamt hentugu fyrirkomulagi. Niðurstöður könnunar verða birtar þegar þær liggja fyrir.

Haustið/verkefni framundan

Farið er yfir verkefni sem eru framundan á komandi vetri. Þau eru að vanda fjölmörg, þer þar hæst að nefna útgáfa landshlutabæklings, útgáfu Suðurlandsblaðauka með Iceland

Review/Atlantica, samstarf markaðsstofa landshlutanna við Isavia, þar sem upplýsingagjöf til ferðamannsins á Leifstöð er í forgrunni.

Samstarf við Íslandsstofu og Ferðamálastofu Íslands gengur mjög vel og eru þessar stofnanir í mjög þéttu samstarfi við MSS.

Þá kynnti framkvæmdastjóri hugmyndir að ýmsum leiðum til áframhaldandi kynningar á starfsemi Markaðsstofunnar, m.a. útgáfu kynningarbæklings um MSS, „markaðsstofan í tölum“, gerð á upplýsinga grafik sem skýrir ávinning aðildar sem og aukin þjónusta við aðila MSS í formi ráðgjafar og kynningu á þeim fjölmörgu möguleikum í markaðssetningu fyrirtækja.

Önnur mál

Fundi slitið kl 13:00